

**Úrskurður**  
**úrskurðarnefndar raforkumála**  
**í máli nr. 6/2015**  
**Rarik**  
**gegn**  
**Orkustofnun**

---

Þann 7. nóvember 2016 kvað úrskurðarnefnd raforkumála upp eftirfarandi úrskurð vegna kæru Rarik (kærandi) á ákvörðun Orkustofnunar, varðandi kvörtun vegna gjaldskrárbreytinga, dags. 12. nóvember 2015. Málið hefur fengið númerið 6/2015.

**I. Kæruefni og kröfur kæranda**

Í máli þessu er kærður sá hluti ákvörðunar Orkustofnunar frá 12. nóvember 2015 sem kveður á um að kæranda hafi aðeins verið heimilt að krefja þær virkjanir sem tengjast flutningskerfi raforku um dreifikerfi kæranda um hærra gjald samkvæmt gjaldskrá vegna vangetu til eyjakeyrslu, allar frá sama tíma eða 1. júní 2015. Kærandi krefst þess að sá hluti hinnar kærðu ákvörðunar sem kveður á um að honum hafi verið óheimilt að innheimta gjald vegna vangetu til eyjakeyrslu fyrr en frá og með 1. júní 2015 verði ógiltur. Að öðru leyti verði hin kærða ákvörðun staðfest.

**II. Málsatvik**

Með hinni kærðu ákvörðun kvað Orkustofnun á um að gjaldtaka kæranda hjá Íslenskri Orkuvirkjun Seyðisfirði ehf. (ÍOVS) vegna innmötunar á afli hafi verið í samræmi við raforkulög. Kærandi setti inn í gjaldskrá ákvæði um að virkjunaraðili yrði að greiða fastagjald ef hann uppfyllti ekki kröfu um getu til eyjakeyrslu. Kærandi innheimtir umrætt gjald hjá virkjunum þegar vangeta til eyjakeyrslu er staðfest. Gjaldskrá sú sem kveður á um heimild til hækkaðrar gjaldtöku er virkjun getur ekki keyrt eyjakeyrslu tók gildi í samræmi við ákvæði raforkulaga. Kærandi taldi í ljós leitt að virkjanir ÍOVS gætu ekki keyrt eyjakeyrslu eins og kveðið væri á um í samrekstrarsamningum milli aðila fyrir hvora virkjun um sig. Kærandi hækkaði því mánaðarlegt tengigjald virkjana ÍOVS frá 1. júní 2014. Um nánari atvik er vísað til úrskurðar í máli nr. 3/2015 fyrir úrskurðarnefnd raforkumála. Í ljósi jafnræðissjónarmiða taldi Orkustofnun í hinni kærðu ákvörðun að kæranda bæri að innheimta gjöld vegna vangetu til eyjakeyrslu hjá öllum virkjunaraðilum frá sama tíma, þ.e. 1. júní 2015.

**III. Málsástæður og rök kæranda**

Í kæru, dags. 10. desember 2015, kemur m.a. fram að í hinni kærðu ákvörðun hafi Orkustofnun fallist á að innheimta kæranda á eyjakeyrsluálagi væri heimil. Einnig kemur þar fram að kæranda hafi borið að hefja innheimtu gagnvart öllum aðilum, sem beri að greiða eyjakeyrsluálag á sama tíma, eða 1. júní 2015. Kærandi áréttar að kæran lúti aðeins að þessum

síðari þætti hinnar kærðu ákvörðunar, þ.e. að honum hafi verið óheimilt að hefja gjaldtöku vegna vangetu til eyjakeyrslu fyrr enn 1. júní 2015.

Kærandi rekur í stuttu máli hvernig innheimtu svonefnds eyjakeyrslugjalds hafi verið háttáð. Frá gildistöku raforkulaga hafi almennt verið gert ráð fyrir að virkjanir hafi getu til eyjakeyrslu og um það hafi verið sett ákvæði í samrekstrarsamninga kæranda við virkjanir. Samningsákvæðin séu án fyrirvara og án sérstakra úrræða í þeim samrekstrarsamningum sem gerðir hafi verið áður en eyjakeyrslugjald hafi verið tekið upp í verðskrá Rarik 1. janúar 2012. Því hafi í kröfu um eyjakeyrslu ekki verið gert ráð fyrir aðgangi virkjana að kerfinu nema þær gætu staðist þessa kröfu og vangeta hefði þannig væntanlega leitt til riftunar samnings. Eyjakeyrslu virkjana sé ekki hægt að prófa við gangsetningu án þess að kalla fram straumleysi hjá notendum og sé það því ekki gert.

Samningar kæranda við ÍOVS um samrekstur Bjólfsvirkjunar og Gúlsvirkjunar hafi verið gerðir 5. mars 2008. Á þeim tíma hafi kærandi talið að báðar virkjanirnar gætu, a.m.k. í sameiningu, keyrt eyjakeyrslu, en þær séu báðar tengdar dreifikerfinu með sérlögn inn á sama stað. Þegar vangeta til eyjakeyrslu hafi komið í ljós hafi ÍOVS verið tilkynnt með bréfi, dags. 2. nóvember 2012 að eyjakeyrslugjald yrði innheimt frá 1. janúar 2013 þar til viðeigandi úrbótum yrði lokið. Ítrekuð andmæli virkjunaraðila hafi orðið til þess að innheimta gjaldsins hafi dregist til 1. júní 2014.

Kærandi hafi gert samninga við nokkra aðila um samrekstur virkjana þar sem séu ákvæði um eyjakeyrslu og greiðslu eyjakeyrslugjalds. Gjaldtaka hafi hafist hjá umræddum virkjunum þegar fyrir hafi legið að virkjanirnar gætu ekki staðist kröfu um eyjakeyrslu. Þar af leiðandi séu dagsetningar innheimtu eyjakeyrsluálags ekki þær sömu hjá öllum virkjunum.

Orkustofnun hafi talið í hinni kærðu ákvörðun að kæranda bæri að gæta jafnræðis varðandi gjaldtöku og hefja innheimtu hjá öllum virkjunum frá sama tíma. Kærandi telur að hann hafi ekki notið andmælaréttar við töku hinnar kærðu ákvörðunar að því er varði almenna heimild til innheimtu eyjakeyrsluálags fyrir 1. júní 2015 né hafi hann verið upplýstur um að Orkustofnun hefði í hyggju að taka slíka ákvörðun. Kærandi hafi ekki mátt ætla af samskiptum sínum við Orkustofnun að til stæði að taka ákvörðun um réttmæti innheimtu kæranda á eyjakeyrsluálagi í öðrum tilvikum en í því máli er varðaði kvartanda, þ.e. ÍOVS.

Þar sem Orkustofnun hafi ekki upplýst kæranda um að til hafi staðið að taka almenna ákvörðun um innheimtu eyjakeyrsluálags fyrir 1. júní 2015 beri með vísan til 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga að ógilda hina kærðu ákvörðun að því er varði niðurstöðu um að kæranda hafi verið óheimilt að innheimta eyjakeyrsluálag fyrir 1. júní 2015.

Önnur málsástæða kæranda snýr að skyldu hans til að gæta jafnræðis og meðalhófs en í hinni kærðu ákvörðun sé vísað til jafnræðisreglunnar, viðtekinnar stjórnsýsluvenju og meðalhófs í málsmeðferð án þess að vísa sérstaklega til lagaákvæða. Af rökstuðningi Orkustofnunar megi, að mati kæranda, ráða að stofnunin álíti hann hafa mismunað aðilum í sambærilegri stöðu á grundvelli ómálefnalegra sjónarmiða.

Kærandi hafni þeim lagagrundvelli sem Orkustofnun vísi til og álíti að jafnræðisreglu verði ekki beitt með sama hætti gagnvart kæranda og henni sé beitt gagnvart ríki og stjórnvöldum.

Kærandi starfi sem opinbert hlutafélag en í lögum um félagið komi m.a. fram að stjórn setji gjaldskrá fyrir félagið í samræmi við ákvæði raforkulaga og orkulaga.

Niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar staðfesti að lagagrundvöllur gjaldtöku kæranda um svonefnt eyjakeyrsluálag sé í samræmi við lög. Innheimta kæranda á eyjakeyrsluálagi hafi því alla tíð verið lögmæt. Því verði að mati kæranda ekki séð að hin kærða ákvörðun sem breyti slíkri gjaldtöku með afturvirkum hætti eigi sér nokkra lagastöð.

Gjaldtaka kæranda byggir á verðskrá og taki því mið af þeim kostnaði og óhagræði sem hann verði fyrir við að virkjunaraðili hafi ekki getu til eyjakeyrslu. Hin kærða ákvörðun sé því afar íþyngjandi fyrir kæranda sem þurfi að bera kostnað sem með réttu og samkvæmt lögum eigi að falla á einstaka virkjunaraðila.

Jafnvel þó talið yrði að jafnræðisreglan sem vísað sé til í hinni kærðu ákvörðun gildi um hann sé með öllu óljóst hvernig hann hafi brotið gegn henni. Ekki sé að finna neina umfjöllun í hinni kærðu ákvörðun um hvaða ómálefnalegu sjónarmiðum kærandi eigi að hafa byggt gjaldheimtu sína á né sé að finna umfjöllun um að aðilarnir sem gjaldið hafi verið innheimt hjá séu allir í sambærilegri stöðu. Innheimta kæranda hafi ávallt verið byggð á samningum við einstaka virkjunaraðila, verðskrám kæranda og raforkulögum. Þetta sé staðfest í hinni kærðu ákvörðun og því verði að mati kæranda ekki með nokkru móti séð að innheimta á slíkum grundvelli geti talist ómálefnaleg.

Þá sé að engu leyti fjallað um mismunandi stöðu einstakra aðila sem hafi greitt og krafðir hafi verið um greiðslu eyjakeyrslugjalds. Enginn samanburður á stöðu einstakra aðila liggi fyrir af hálfu Orkustofnunar. Innheimta kæranda á eyjakeyrslugjaldi hafi ávallt byggst á samningum, verðskrá og viðeigandi lagagrunni. Innheimta kæranda gagnvart einstökum aðilum hafi verið byggð á þeim upplýsingum sem legið hafi fyrir á hverjum tíma um getu viðkomandi aðila til eyjakeyrslu. Allir hafi fengið sambærilega meðferð.

Þegar í ljós hafi komið að virkjunaraðili hafi ekki getu til eyjakeyrslu hafi viðkomandi verið upplýstur um það mat. Verði ekki séð að slík framkvæmd sé andstæð viðtekinni stjórnsluvenju eða meðalhófi í málsmeðferð heldur þvert á móti í samræmi við góða stjórnsluhætti þar sem leyst hafi verið úr sambærilegum málum á sambærilegan hátt. Kærandi bendir á að ekkert liggi fyrir um að virkjunaraðilar hafi verið ósáttir við þá gjaldtöku, að ÍOVS undanskildu, og liggi fyrir í samningum við tiltekna virkjunaraðila að þeir hefðu ekki getu til eyjakeyrslu og myndu því greiða þetta gjald.

Kærandi hefur talið sig gæta meðalhófs með því að hefja ekki gjaldtöku gegn ákveðnum aðilum fyrir en nægilegar upplýsingar hafi legið til grundvallar slíkri gjaldtöku. Tímafrekt hafi verið að kanna getu einstakra virkjunaraðila til eyjakeyrslu, einkum í þeim tilvikum þar sem umdeilt hafi verið hvort að slík geta sé til staðar. Þrátt fyrir að kærandi telji sig ekki bundin af stjórnslureglum með sama hætti og stjórnvöld þá leitist hann eftir því í starfsemi sinni að gæta meðalhófs við innheimtu og tryggja að mál séu nægilega upplýst áður en gjaldtaka hefjist. Þrátt fyrir að af því leiði að gjaldtaka hefjist síðar gagnvart tilteknum aðilum þá geti það ekki leitt til þess að ekki hafi verið heimilt að innheimta slík gjöld hjá aðilum sem óumdeilt sé að hafi ekki uppfyllt skilyrði til eyjakeyrslu.

Þá bendir kærandi á að ekki sé hægt að fullyrða um hvort allar virkjanir sem tengdar séu kæranda og eigi samkvæmt samningi að geta keyrt eyjakeyrslu geti það í reynd þegar á reyni. Kærandi bendir á að niðurstaða Orkustofnunar að þessu leyti setji hann í vandasama stöðu. Þannig megi velta því fyrir sér hvað gera skuli komi upp það tilvik að ein slík virkjun gæti ekki keyrt eyjakeyrslu. Bæri kæranda að endurgreiða öllum sem fram að því hafi greitt eyjakeyrsslugjald og hefja ekki innheimtu að nýju fyrir en innheimta gjaldsins sé hafin á þennan nýja aðila sem hafi orðið uppvís að því að brjóta samning sinn við kæranda. Kærandi telur ofangreint sína hversu órökrétt niðurstaða Orkustofnunar um þetta atriði er.

Loks bendir kærandi á að jafnræðisreglan veiti ekki tilkall til neins þess sem ekki samrýmist lögum. Hafi efni tiltekinna ákvörðunar verið ólöglegt geti aðili í öðru máli almennt ekki borið fyrir sig þá ákvörðun og krafist sambærilegrar úrlausnar. Hvers konar skortur á eftirfylgni reglna gagnvart einum aðila geti ekki veitt öðrum aðila rétt til að komast upp með að brjóta reglu eða greiða ekki gjöld.

Með vísan til alls framgreinds krefst kærandi þess að sá hluti hinnar kærðu ákvörðunar er varðar heimild hans til að innheimta sérstakt gjald vegna vangetu til eyjakeyrslu fyrir en 1. júní 2015, verði ógiltur.

#### **IV. Athugasemdir Orkustofnunar**

Kæran var send Orkustofnun til athugasemda og bárust þær þann 15. janúar 2016. Þar er fjallað um hvorn þátt kæru fyrir sig, þ.e. að ekki hafi verið gætt andmælaréttar og aðilar upplýstir um meðferð máls svo og áskilnaðar um að kærandi gætti jafnræðis og meðalhófs vegna gjaldskrármála.

Að mati kæranda hafi hann ekki notið andmælaréttar og brjóti það í bága við stjórnarsýslulög. Orkustofnun telur fullyrðingu kæranda ranga og vísar til bréfa sem farið hafi á milli Orkustofnunar og kæranda. Orkustofnun telur að vandaðra stjórnarsýsluhátta hafi notið við í allri málsmeðferðinni. Stofnunin hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni og veitt aðilum máls andmælarétt. Þá hafi kæranda sérstaklega verið boðið að koma á framfæri athugasemdum varðandi jafnræðisregluna og heimild kæranda til innheimtu eyjakeyrsluálags fyrir 1. júní 2015. Málsmeðferðin hafi því að mati Orkustofnunar að öllu leyti verið í samræmi við 13. og 14. gr. stjórnarsýslulaga.

Hvaða varðar skyldu kæranda til að gæta jafnræðis og meðalhófs þá tekur Orkustofnun undir sjónarmið kæranda um að almennt sé ekki hægt að gera sambærilegar kröfur til hans og stjórnvalda enda sé um að ræða opinbert hlutafélag en ekki stjórnvald í skilningi stjórnarsýslulaga. Orkustofnun bendir þó á að staða kæranda sé sérstök en hann hafi á grundvelli raforkulaga sérleyfi og jafnframt skyldur til dreifingar raforku á ákveðnu dreifiveitusvæði. Þeir aðilar sem eigi í viðskiptum við fyrirtækið á viðkomandi dreifiveitusvæði eigi því ekki val um það hvort þeir eigi í viðskiptum við kæranda eða aðrar dreifiveitur. Sérleyfisstarfsemi dreifiveitna lúti ákvæðum IV. kafla raforkulaga. Orkustofnun telur rétt að benda á að í 7. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga sé sérstaklega fjallað um þá skyldu dreifiveitna að gæta jafnræðis við starfrækslu sína. Þá komi fram í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, að við setningu gjaldskrár dreifiveitna skuli gæta jafnræðis og byggja á hlutlægum og gagnsæjum

sjónarmiðum. Sé framangreint að mati Orkustofnunar fullnægjandi lagagrundvöllur fyrir því að gera þá kröfu til dreifiveitna að gæta jafnræðis við gjaldtöku sína.

## V. Sjónarmið kæranda vegna athugasemda Orkustofnunar

Athugasemdir Orkustofnunar voru sendar kæranda til frekari athugasemda þann 25. janúar 2016.

Í athugasemdum kæranda, dags. 12. febrúar 2016, kemur m.a. fram að Orkustofnun hafni því að hafa ekki gætt andmælaréttar og réttar kæranda til að vera upplýst um meðferð máls. Kærandi bendir á að hann hafi ekki haldið því fram að ekki hafi verið gætt andmælaréttar að því er varði kæru ÍOVS. Kæra ÍOVS hafi ekki lotið að því að óheimilt hafi verið að innheimta eyjakeyrslugjald hjá öðrum aðilum áður en slík innheimta hafi hafist gagnvart ÍOVS. Kærandi hafi því ekki haft ástæðu til að ætla að hin kærða ákvörðun gæti falið í sér niðurstöðu gagnvart aðilum sem ekki væru aðilar að því stjórnsýslumáli sem til meðferðar hafi verið hjá Orkustofnun. Að mati kæranda hafi skoðun Orkustofnunar, á því hvort ástæða væri til að breyta innheimtu gagnvart öðrum aðilum afturvirktt, falið í sér nýtt mál sem borið hafi að tilkynna um sérstaklega. Vísar kærandi því til stuðnings til álits Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4891/2007.

Þegar rannsókn máls hefjist að frumkvæði stjórnvalds beri því, svo fljótt sem verði við komið, að vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar, eigi hann rétt á að tjá sig um efni þess, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram. Að mati kæranda hafi Orkustofnun þannig borið, þegar hún hóf könnun á því hvort innheimta gagnvart öðrum greiðendum eyjakeyrslugjalds væri lögmat, að tilkynna kæranda slíkt sérstaklega í samræmi við 14. gr. stjórnsýslulaga og gefa kæranda kost á að koma á framfæri andmælum í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga.

Kærandi hafni því að ofangreind samskipti hafi mátt skilja á þann veg að Orkustofnun hefði til skoðunar að taka ákvörðun um innheimtu eyjakeyrslugjalds gagnvart öðrum en ÍOVS í málinu. Kærandi ítrekar því fyrri kröfur sínar í málinu og telur að þessi annmarki eigi að leiða til þess að ógilda beri hina kærðu ákvörðun.

Hvað varði skyldu til að gæta jafnræðis og meðalhófs þá telur kærandi þann lagagrundvöll sem Orkustofnun byggir niðurstöðu sína á afar óskýran. Kærandi hafi ávallt álitid sig hafa gætt jafnræðis í starfsemi sinni og hagað sér í samræmi við lög. Hvert mál er varði eyjakeyrslu hafi verið skoðað með sjálfstæðum hætti og innheimta hafin gagnvart hverjum og einum virkjunaraðila þegar nægilegar upplýsingar lágu fyrir. Jafnræðis hafi þannig verið gætt að hver og einn virkjunaraðili hafi hlotið sömu meðferð en viðbrögð og andmæli hvers aðila hafi kallað á mismunandi afgreiðslu gagnvart hverjum og einum.

Með vísan til framangreinds krefst kærandi að ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar um að honum hafi verið óheimilt að innheimta gjald vegna vangetu til eyjakeyrslu fyrr en 1. júní 2015 verði ógilt en að öðru leyti standi ákvörðunin.

## **VI. Athugasemdir Íslenskrar Orkuvirkjunar Seyðisfirði ehf.**

ÍOVS var með bréfi dagsettu 25. janúar 2016 gefinn kostur á að koma að athugasemdum vegna sjónarmiða aðila varðandi hina kærðu ákvörðun, þar með talið þann þátt er hér er til umfjöllunar þ.e.a.s. sjónarmið Rarik um tímamark hækkaðrar gjaldtöku vegna eyjakeyrsluálags. Svarbréf ÍOVS er dagsett 28. febrúar 2016. ÍOVS rekur í bréfi sínu dæmi um að tengigjald hafi ekki verið hækkað á virkjanir í eigu annarra aðila og telur að með þessum hætti mismuni kærandi virkjunaraðilum.

## **VII. Niðurstaða úrskurðarnefndar raforkumála**

Í máli þessu er deilt um frá hvaða tíma kæranda var heimilt að hefja gjaldtöku hjá virkjunaraðilum vegna vangetu til eyjakeyrslu. Frá og með 1. janúar 2012 var tekið upp ákvæði í gjaldskrá kæranda um innmötun sem fól í sér hækkun tengigjalds vegna vangetu til eyjakeyrslu. Orkustofnun var kynnt umrædd breyting á gjaldskrá og gerði hún ekki athugasemdir. Því liggur fyrir að gjaldskráin tók gildi í samræmi við ákvæði raforkulaga. Kærandi hefur beitt eyjakeyrsluálagi skv. gjaldskránni þegar vangeta virkjana til eyjakeyrslu hefur verið staðfest. Eyjakeyrsluálagi var fyrst beitt vegna virkjunar sem gangsett var í maí 2013.

Í hinni kærðu ákvörðun er kveðið á um að kæranda hafi verið óheimilt að hefja gjaldtöku vegna vangetu til eyjakeyrslu fyrr en 1. júní 2015. Hin kærða ákvörðun hafi lotið að innheimtu eyjakeyrsluálags hjá virkjunum ÍOVS og kærandi hafi ákveðið að sú innheimta myndi hefjast 1. janúar 2013 en hún hafi síðan ekki hafist fyrr enn 1. júní 2014. Orkustofnun hafi með hinni kærðu ákvörðun kveðið á um að óheimilt væri að hefja gjaldtöku vegna vangetu til eyjakeyrslu fyrr en 1. júní 2015, eða ári seinna en kærandi hafi ákveðið. Tók hin kærða ákvörðun til fleiri virkjana en virkjana ÍOVS. Kærandi telur að Orkustofnun hafi ekki upplýst hann um að stofnunin hefði í hyggju að taka hina kærðu ákvörðun og því hafi hann ekki notið andmælaréttar. Einnig telur kærandi að hann hafi gætt jafnræðis og meðalhófs við innheimtu eyjakeyrsluálags.

### 1.

Efni hinnar kærðu ákvörðunar er „Kvörtun vegna gjaldskrárbreytingar“ og í henni kemur fram að Orkustofnun hafi borist kvörtun frá ÍOVS vegna hækkunar Rarik á tengigjöldum. Kvartandi mótmælti hækkuninni þar sem hann hafi talið sig geta keyrt eyjakeyrslu en hækkun á tengigjöldum var til komin vegna vangetu til eyjakeyrslu. Í kjölfarið hafi Orkustofnun sent fyrirspurn til starfsmanns Rarik og óskaði skýringa á nokkrum atriðum í tengslum við kvörtun ÍOVS varðandi getu til eyjakeyrslu. Drög að hinni kærðu ákvörðun var send til umsagnar. Orkustofnun óskaði í nokkur skipti eftir frekari upplýsingum frá Rarik um m.a. um eyjakeyrslu með díselvél.

Af efni hinnar kærðu ákvörðunar má sjá að Rarik veitir Orkustofnun umbeðnar upplýsingar vegna kvörtunar ÍOVS er lúta að eyjakeyrslunni sem slíkri. Ekki er að sjá af kvörtun ÍOVS og

málsmeðferð Orkustofnunar í hinni kærðu ákvörðun að sérstakur ágreiningur hafi verið uppi um það frá hvaða tíma Rarik hafi hafið innheimtu hækkaðra tengigjalda hjá kvartanda.

Samkvæmt 13. gr. stjórnslulaga skal aðili máls eiga þess kost að tjá sig um efni þess áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Í andmælaréttindum felst m.a. að svo sé um hnúta búið að aðili eigi þess kost að tjá sig um efni máls og kynna sjónarmið sín nægjanlega áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því.

Andmælaeignin er grundvallarregla í íslenskum rétti. Hafi aðila ekki verið veitt færi á að tjá sig, telst það almennt verulegur annmarki sem leiðir til að íþyngjandi ákvörðun telst yfirleitt ógildanleg.

Hin kærða ákvörðun ber ekki með sér að mati úrskurðarnefndar að athygli kæranda hafi verið vakin á að til stæði að kveða á um almennan tímafrest hækkaðrar gjaldtöku tengigjalda hjá öllum virkjunaraðilum sem tengjast flutningskerfi raforku um dreifikerfi kæranda og voru ekki færir um að uppfylla ákvæði samrekstrarsamninga um getu til eyjakeyrslu. Kæranda gafst því ekki tækifæri á að koma á framfæri afstöðu sinni til þessa þáttar hinnar kærðu ákvörðunar og andmæli kæranda komu því ekki fram við undirbúning eða til álita við töku hinnar kærðu ákvörðunar. Þá er og til þess að líta að afar nán tengsl eru milli reglna um andmælarétt og rannsóknarreglu stjórnslulaga. Verður ekki séð að Orkustofnun hafi nægilega gætt að rannsóknarskyldu sinni hvað þennan þátt varðar. Með því að upplýsa kæranda um fyrirætlan um töku hins umþrætta þáttar hinnar kærðu ákvörðunar og óska gagna um stöðu gagnvart öðrum virkjunaraðilum hefði Orkustofnun getað upplýst málið betur áður en ákvörðun var tekin jafnframt því að veita kæranda rétt til andmæla.

Samkvæmt 7. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga er dreifiveitum skylt að gæta jafnræðis við starfrækslu sína. Er ótvírætt að þetta ákvæði gildir um kæranda í því samhengi sem hér er til skoðunar, tengingu virkjana við flutningskerfi raforku um dreifiveitu á viðkomandi svæði. Úrskurðarnefnd raforkumála getur þó ekki fallist á að kærandi hafi, með hækkaðri gjaldtöku til ÍOVS frá 1. júní 2014 brotið gegn jafnræðisreglu eins og Orkustofnun leggur til grundvallar. Taka ber tillit til þess að fram var komið að ÍOVS uppfyllti ekki ákvæði samrekstrarsamninga milli aðila hvað varðar getu til eyjakeyrslu og hafði ekki gert frá upphafi samningssambands aðila. Ekki hefur verið á það fallist að inntak jafnræðisreglunnar feli í sér að aðili máls geti gert tilkall til einhvers sem ekki samrýmist lögum. Með sambærilegum hætti er það mat úrskurðarnefndar raforkumála að ekki stóði fyrir samningsaðila sem ekki uppfyllir að öllu leyti samning sinn við dreifiveitu, sem hefur sérleyfi til dreifingar raforku á tilteknum stað, að vísa til þess að eins kunni að vera ástætt um aðra í sambærilegri stöðu og því eigi ekki að koma til hækkaðrar gjaldtöku vegna vanefnda samninga. Verður þetta enn ljósara þegar til þess er litið að sá valkostur sem felst í því að geta greitt herra tengigjald í stað þess að samningum aðila sé rift, er minna íþyngjandi fyrir virkjunaraðila sem er í þeirri stöðu sem hér um ræðir.

Af framansögðu leiðir að ekki verður hjá því komist að fella þann hluta hinnar kærðu ákvörðunar, er kveður á um að kæranda hafi borið að hefja innheimtu hækkaðra tengigjalda hinn 1. júní 2015 í stað 1. júní 2014, úr gildi.

## Úrskurðarorð

Sá hluti hinnar kærðu ákvörðunar sem kveður á um að Rarik skuli innheimta gjöld á alla virkjunaraðila frá sama tíma vegna vangetu til eyjakeyrslu er felldur úr gildi.

Pétur Örn Sverrisson (sign)  
Formaður

Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir (sign)

Ragnar Jóhann Jónsson (sign)